

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Upphaf sorgar mannkynsins



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Aðlaggað af: M. Maillot; Tammy S.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



GUÐ SKAPAÐI ALLT!
Adam, fyrsti maðurinn
sem Guð skapaði, og
eiginkona hans


Eva, bjuggu í
dásamlegum
garði sem
hét

Eden.



Þau nutu félagsskapar
Guðs og voru honum
hlýðin. Þau voru
hamingjusöm
þar til dag
nokkurn ...






"Sagði Guð að þið mættuð ekki éta af neinu tré í garðinum?" spurði höggormurinn Evu.

"Við megum éta alla ávexti nema einn" svaraði hún.





Ef við étum
eða snertum
þennan ávöxt,
munum við deyja.
"Þið munuð ekki
deyja," sagði
höggormurinn.



"Þið munuð
verða eins
og Guð." Evu
langaði í ávöxtinn
af þessu tré.
Hún hlýddi á
höggorminn
og át ávöxtinn.



Eftir að óhlýðnast Guði,
bauð hún Adam að éta
af ávextinum líka.

Adam hefði
átt að
segja, "
Nei!



Ég ætla ekki að
óhlýðnast orði
Guðs."





Eftir
að Adam og Eva
höfðu syndgað, uppgötvuðu
þau að þau voru nakin.





Þau gerðu
sér mittisskíkur úr
fíkjuviðarblöðum og földu
sig fyrir Guði á milli trjáanna.



Guð gekk inn í garðinn í kvöldsvalanum. Hann vissi hvað Adam og Eva höfðu gert. Adam ásakaði Evu. Eva ásakaði höggorminn.



Þá sagði Guð, "Höggormurinn skal vera bölvæður. Konan mun líða miklar þjáningar og þrautir við barnsfæðingar."



Við Adam sagði hann: "Af því að þú hefur syndgað, mun jörðin vera bölvuð með þyrnum og pistlum. Af erfiði og svita munt þú neita matar þíns."






Vegna

syndar þeirra vísaði
Guð Adam og Evu út
úr hinum dásamlega
garði, og voru þau
nú aðskilin
frá Guði.



A colorful illustration of a garden. In the background, there are green bushes and a white fence with two pillars topped with yellow lights. A white figure stands near the fence, holding a long, glowing orange beam of light. In the foreground, a man and a woman are shown from the waist up. They are wearing grey, shaggy animal skins. The man has a beard and is looking towards the woman. The woman has long brown hair and is looking down. The background is a bright blue sky with green hills.

Guð bjó til

skinnklæði fyrir
Adam og Evu. En hvaðan
fékk hann skinnin?
Hann varnaði þeim
inngöngu í garðinn
með logandi sverði.



Síðar eignuðust þau börn. Fyrsti
sonur þeirra, Kain, varð
akuryrkjumaður. Svo
fæddist bróðir hans
Abel, en
hann varð
hjarðmaður.



Dag nokkurn færði Kain Guði fórn af
uppskeru jarðarinnar. Abel færði
Guði fórn af frumburðum
hjarðar
sinnar.



Og Guð var Abel
þakklátur fyrir
fórni hans.



Guð var ekki ánægður með fórn
Kains, og varð Kain mjög
reiður. En Guð sagði, "Er
það ekki svo að þú getir
verið upplitsdjarfur ef
þú gerir

rétt?"



Skömmu síðar, er bræðurnir voru
úti á akri, réðst Kain í
reyði sinni á Abel og
drap hann!



Þá sagði Guð við Kain. "Hvar er Abel bróðir þinn?" "Það veit ég ekki," laug Kain. "Á ég að gæta bróður míns?"



Guð hegndi Kain með því að
gera hann að landflóttu
flakkara, og óhæfan
til akuryrkju.



Kain gekk nú burt frá augliti
Drottins, og tapaði nærveru
hans. Síðar giftist Kain
dóttur Adams og Evu og

eignuðust

þau
fjölda
afkomenda.




Síðar meir byggði Kain borg
sem átti eftir að fyllast af
afkomendum hans. Hann
nefndi

borgina í

höfuðið
á einum sona
sinna.




Afkomendum Adams og Evu
hélt áfram að fjölga. Á þeim
tímum náði fólk miklu hærrí
aldri en í dag.



Þegar Set, sonur Evu fæddist,
sagði hún, "Guð, gefðu mér
Set í stað Abels."



Set elskaði Guð og þjónaði
honum vel. Hann varð 912
ára gamall og átti mörg börn.



Illska fólksins jókst eftir
því sem fólkinu fjölgaði
á jörðinni, kynslóð eftir
kynslóð.



Endanlega ákvað Guð að
útrýma mannkyninu
og öllum dýrum
og fuglum.



Guð sá eftir að hafa skapað
manninn. En Guð hafði
velþóknun á einum
manni ...



Þessi maður hét Nói og var afkomandi Sets. Nói var réttlátur og saklaus maður. Hann gekk með Guði.



Nói kenndi sonum sínum þremur
að hlýðnast Guði. Nú var
ætlun Guðs að nota Nóa
á mjög sérstæðan og
óvenjulegan hátt.



Upphaf sorgar mannkynsins

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 3-6

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

